



AÐALSKIPULAG LANGANESBYGGÐAR 2007-2027

Skipulags- og matslýsing

Breyting á aðalskipulagi vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar og heildarendurskoðun á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar.

29.03.2023



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

102040-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

Kamma Dögg Gísladóttir

RÝNT

Ingibjörg Sveinsdóttir

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Skipulagssvæðið og staðhættir	4
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.2.2	Gildandi aðalskipulag	5
2.2.3	Deiliskipulag	6
2.2.4	Viðmiðunarreglur um lágmarks landhæð á lágsvæðum við sjó	6
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
4	ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS	7
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	7
5.1	Umhverfispættir og viðmið	7
5.2	Valkostir	8
6	KYNNING OG SAMRÁÐ	8
6.1	Skipulagsferlið	8
6.2	Umsagnaraðilar	9

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.	8
--	---

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Sjá má afmörkun skipulagssvæðis með brotalínu.	4
Mynd 2. Gildandi þéttbýlisuppráttur Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027, ásamt loftmynd undir.	6

1 INNGANGUR

Hér er sett fram sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2017 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og heildarendurskoðun á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið skipulagsvinnunnar er að endurskoða skipulag á hafnarsvæði Þórshafnar vegna áforma um frekari uppbyggingu á starfsemi á svæðinu. Setja þarf ramma utan um fyrirhugaða uppbyggingu og tryggja sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum sem reiða sig á aðgengi að höfninni nægt athafnasvæði til framtíðar. Ísfélagið hyggst stækka frystingu og reisa frystigeymslu austan við núverandi frystihús með tilheyrandi landfyllingu. Áformin kalla á breytingu á aðalskipulagi og samhliða verður gerð heildarendurskoðun á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar.

2 FORSENDUR

2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Skipulagssvæðið er um 20,8 ha og afmarkast af Bakka- og Fjarðarvegi og fjöruborði í norðri, fjöruborði og varnargarði í austri, varnargarði og sjó í suðri og varnargarði og strandlengju í vestri.



Mynd 1. Sjá má afmörkun skipulagssvæðis með brotalínu.

Á svæðinu rekur Ísfélagið frystihús (Hafnarvegur 12) og fiskimjölverksmiðju (Hafnarvegur 2-6). Í frystihúsinu er unnin bolfiskur og uppsjávarfiskur en í fiskimjölverksmiðjunni er framleitt fiskimjöl úr loðnu, síld og makríl. Framleiðslugeta verksmiðjunnar um 1.000 tonn á sólarhring. Á svæðinu er einnig gámasvæði, smábátahöfn, sjóvarnargarðar, uppsátur, gistiheimilið Sandur (Eyrarvegur 8) og veitingarstaðurinn Báran (Eyrarvegur 3).

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf ásamt gæðum hins byggða umhverfis. Einnig að við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftlagsbreytinga. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og verður horft til þess við gerð þessara skipulagsáætlana:

„3.3.2 Heilnæmt umhverfi.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“

„3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvár og umhverfisbreytinga.


Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.“

„3.4.1 Öflugir innviðir.

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“

2.2.2 Gildandi aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027, staðfest 18.07.2013. Þar er skipulagssvæðið að mestu skilgreint sem hafnarsvæði en einnig að hluta til miðsvæði. Stefnumörkun fyrir hafnarsvæði er að styrkja skal sjávarútveg með bættri hafnaraðstöðu, bæði á Þórshöfn og Bakkafirði. Miðsvæði Þórshafnar er vel staðsett og í góðum tengslum við hafnarsvæði, íbúðarsvæði, skóla og dvalarheimili aldraða. Þar er öll sú þjónusta og verslun staðsett sem sækja þarf. Markmið miðsvæðis er að við uppbyggingu aðgengis verði spjótum fyrst beint að svæðum nálægum höfninni og skruðgarðinum á Þórshöfn.



Mynd 2. Gildandi þéttbýlisuppráttur Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027, ásamt loftmynd undir.

2.2.3 Deiliskipulag

Á svæðinu er í gildi *Deiliskipulagi hafnarsvæðis á Þórshöfn*, samþykkt 18.09.2007. Gerðar hafa verið þrjár breytingar á því. Sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd telur ákjósanlegra að fara í heildarendurskoðun á hafnarsvæðinu þar sem nú er áformuð uppbygging og nú þegar hafa orðið nokkrar breytingar á gildandi skipulagi hafnarinnar. Gildandi deiliskipulag verður felld úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.

Tvær deiliskipulagsáætlanir liggja að hafnarsvæðinu sem taka þarf tillit til við endurskoðun deiliskipulagsins:

- *Deiliskipulag miðsvæðis á Þórshöfn*, samþykkt 18.02.2021.
- *Deiliskipulag miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn*, samþykkt 22.08.2019.

2.2.4 Viðmiðunarreglur um lágmarks landhæð á lágsvæðum við sjó

Viðmið fyrir landhæð á lágsvæðum tekur mið af stjarnfræðilegum sjávarföllum, áhlaðanda vegna loftþrýstings, vinds og öldu, ásamt afstöðubreytingum lands og sjávar vegna lóðréttra skorpuhreyfinga

og hækkandi sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar. Skv. viðmiðunarreglum Vegagerðarinnar fyrir landhæð á lágsvæðum er meðalstórstraumsflóð á Þórshöfn +1,4 m í hafnarkerfi¹.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Helstu breytingar sem fyrirsjáanlegt er að þurfi að gera á gildandi aðalskipulagi vegna uppbyggingar á hafnarsvæðinu eru:

- Stækkun á hafnarsvæði, vegna lengingar á hafnarkanti og aukinni uppbyggingu á hafnsækinni starfsemi á svæðinu.

Breyting verður gerð á þéttbýlisupprætti.

4 ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS

Gert er ráð fyrir að nógildandi deiliskipulag hafnarsvæðisins verði fellt úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags. Endurskoðun er unnin á grundvelli Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027 og verður í samræmi við breytt aðalskipulag.

Markmið með endurskoðun er einkum:

- Að styrkja höfnina sem andlit þorpsins og miðpunkt mannlífs á Þórshöfn.
- Að skapa góð skilyrði fyrir fiskihöfn og vinnslu, m.a. með því að lengja hafnargarð/-kant og stækka hafnarsvæðið með landfyllingu sem gert er ráð fyrir í nógildandi aðalskipulagi.
- Að bæta aðkomu að hafnarsvæðinu og gera umferð um svæðið skilvirkari.
- Að styrkja hafnsækna starfsemi og skilgreina nýjar lóðir og byggingareiti fyrir fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu.
- Að skapa áfram góð skilyrði fyrir smábátahöfn.
- Að skilgreina göngutengingar innan svæðisins og við aðliggjandi svæði.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Umhverfismat verður unnið skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

5.1 Umhverfisþættir og viðmið

Við breytingu á aðalskipulagi og endurskoðun deiliskipulags verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem eru í töflu 1 hér að neðan. Þetta eru þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af uppbyggingu hafnarsvæðis. Umhverfisþættirnir verða metnir í samræmi við stefnu ríkis og sveitarfélags.

¹ Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð, 2018.

Tafla 1. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Hefur áætlunin áhrif á landslag? Hefur áætlunin áhrif á jarðmyndanir? Hefur áætlunin áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Hefur áætlunin áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur áætlunin áhrif á búsvæði dýra?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Öryggi.</i>	Er hættu á mengun eða hávaða vegna áætlunarinnar? Hefur áætlunin áhrif á umferðaröryggi?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Reglugerð um hávaða nr. 724/2008
Samfélag <i>Atvinnulíf.</i>	Hefur áætlunin áhrif á atvinnutækifæri? Hefur áætlunin áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	Hefur áætlunin áhrif á fornminjar?	Stefna í aðalskipulagi. Samþykkt fornleifaskráning. Lög um menningarminjar nr. 80/2012
Sjór og strandsvæði	Hefur áætlunin áhrif á sjó og/eða strandsvæði ?	Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

5.2 Valkostir

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verður borin saman við áætlanir um uppbyggingu.

6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulags- og matslýsing verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins www.langanesbyggd.is og send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auk þess verður lýsing send til umsagnaraðila.

Langanesbyggð vill hvetja íbúa og aðra hagsmunaraðila að koma með ábendingar/athugasemdir og senda þær á bjorn.sigurdur.larusson@langanesbyggd.is á fyrstu stigum skipulagsvinnunnar. Ábendingar verða hafðar til hliðsjónar við gerð breytingar en verður ekki svarað með formlegum hætti.

6.1 Skipulagsferlið

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar. Gert er ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi verði unnin og auglýst samhliða. Breyting og kynning á aðalskipulagi er unnin skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting á deiliskipulagi er unnin skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mars 2023	Skipulagslýsingin er tekin fyrir í skipulags- og umhverfisnefnd, hafnarnefnd og sveitarstjórn. Síðan send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi á opnu húsi/heimasíðu sveitarfélagsins og verður gefinn þriggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Apríl/maí 2023	Vinnslutillaga að breyttu aðalskipulagi og endurskoðun á deiliskipulagi verður samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd og kynnt almenningi t.d. á opnu húsi/heimasíðu sveitarfélagsins. Tillögur lagðar fyrir hafnarnefnd og sveitarstjórn í kjölfarið.
Júní 2023	Tillaga að breyttu aðalskipulagi og endurskoðun á deiliskipulagi verður tekin fyrir í skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn þar sem fjallað er um fram komnar ábendingar og endanlegar tillögur samþykktar til auglýsingar. Aðalskipulagstillaga send til Skipulagsstofnunar til samþykktar fyrir auglýsingu. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
September 2023	Tillaga að breyttu aðalskipulagi og endurskoðun deiliskipulags afgreidd í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulags- og umhverfisnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til. Endanlegar tillögur sendar Skipulagsstofnun skv. skipulagslögum.
Október/Nóvember 2023	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar og endurskoðun deiliskipulags auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

6.2 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa skipulagslýsingu, og á öðrum stigum í skipulagsferlinu.

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin/siglingasvið
- Viðeigandi nefndir innan stjórnarsýslu Langanesbyggðar
- Aðliggjandi sveitarfélög